

„Yður hefur ekki tekist að gera mér það ljóst ennþá“, sagði Mr. Thaurer, jafn stillilega og rólega eins og hann væri hér að ræða málefni er honum kæmi eiginlega ekkert við, og sem honum væri því hér um bil sama um. „Þér sögðuð að þessi kona, hún Montalbon, hafi fyrst veitt þessum manni, Molitaire, eftirtekt þegar hún seldi kaupmönnum de-manta sína; síðan sögðuð þér, að þau hefðu bæði horfið burt úr París; að konan hafi aftur komið í leitirnar í New York; en hvernig hafið þér sannað, að þessi Molitaire hafi ekki farið—látum oss segja til Rússlands?“

„Nei“, sagði Mr. Barnes, „hann fór alls ekki til Rússlands. Setjum svo, að ég segði yður, að ég hafi snuðrað uppi þann sannleika, að þetta Molitaire-nafn væri einungis falsnafn, og að hið sanna nafn mannsins sé Montalbon? Þegar við svo minnumst þess, að nafn konunnar hafi verið skorið úr öllum fötum hennar eftir að hún var myrt, er það þá ekki pyðing-armikil bending?“

Þessi ræða Mr. Barnesar vakti talsverða undrun, en Mr. Thaurer varð ekki hið minsta hverft við. Hann sagði mjög rólega:

„Allir hlutir eru pyðingarmiklir—en hvernig útleggið þér þetta atriði, ef svo væri að þér gætuð sannað það?“

„Þessi Molitaire var í raun og veru eiginmaður hinnar myrtu konu“, sagði Barnes. „Dau rifust fyrir mörgum árum síðan, og hún fór til New Or-